

Syðri Fljótum 24.10.2007

Efni: Starfsskýrsla fyrir 2007  
Frá hestamannafélaginu Kópi

Æskulýðsstarfsemin var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Hestamannafélagið stóð fyrir hópferð til Reykjavíkur á sýninguna Æskan og hesturinn í Reiðhöllinni í Víðidal í mars. Mjög vel heppnuð ferð.

Á sumardaginn fyrsta hestamannafélagið fyrir því að leyfa krökkum að fara á hestbak. Er það alltaf jafn vinsælt.

Reiðskóli var haldin á vegum félagsins í byjun júní að Syðri Fljótum og endaði hann með firmakeppni barna, unglunga og ungmenna. Þar tóku þátt flestir reiðskólakrakkarnir og fleiri til í frábæru veðri.

Hestamanamótið var haldið í 10 . ágúst. Þar keppti fríður flokkur barna og unglunga.

Ferð hestamannafélagsins var í lok ágúst. Hestaferðin stóð í 1 dag. Voru þar bæði ungir og aldnir, sá yngsti ný orðin 7 ára og reið hann yfir holt og hæðir eins og herforingi.

26. október verður haldin æskulýðsdagur að Syðri Fljótum þar sem ýmislegt verður sér til gamans gert.

Að Syðri Fljótum er ný lokið við að byggja reiðhöll, þá fyrstu í Vestur Skaftafellssýslu svo æskulýðsstarið verður vonandi blómlegra í framtíðinni með bættri aðstöðu.

Með kveðja

---

Kristín Lárusdóttir  
Formaður æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Kóps